

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um stækkun 2. farpegjarúms 7
 á strandferðaskipinu »Thyru«. — Í póknanlegu brjefi, dags. 19. nóv. f. á., hafið þjer, 7. janúar. herra landshöfðingi, skýrt frá, að ýmsar kvartanir hafi í seinni tíð komið fram yfir strandferðaskipinu »Thyru«, sem hið sameinaða gufuskipafjelag um undanfarin ár hefur haft til strandferða í kringum Ísland, og hafið þjer vakið máls á því, að nefnt skip fullnægi ekki því skilyrði, sem sett er í 2. grein í samningnum milli ráðgjafans fyrir Ísland og hins sameinaða gufuskipafjells, dags. 2. nóv. 1889, að skip þau, sem í ferðunum eru, skuli geta tekið um 50 farpegja á óæðra farpegjarúmi, þar sem þjer tjáist álíta, eptir því sem yður hafi sjálfum fyrir sjónir komið, að annað farpegjarúm á »Thyru«, geti naumast tekið meira en 20 ferðamenn, og sje auk þess farpegjum óþægilegt að ýmsu leyti, að með því að það sje fremst frammi í skipinu, og þar að auki afar-loptillt. Þjer hyggið því hinar framkomnu kvartanir á fyllstu rökum byggðar að því er þetta atriði snertir, en öðrum kvörtunum, er fram hafi komið, teljið þjer ekki gaum gefandi. Fyrir því hafið þjer lagt það til, að það sje rannsakað með löglegri skoðunargjörð eða á annan hátt, hvort gufuskipið »Thyru« getur tekið 50 farpegja á 2. farpegjarúmi, eins og ákveðið er í ofan nefndum samningi, svo að viðunanlegt sje, og að sjeð verði um að gufaskipafjelagið eptirleiðis fullnægi skuldbindingum sínum í nefndu tilliti, ef reynast kynni, að rúmið væri of lítið.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að þegar áður en jeg fekk framannefnt brjef yðar hafði mjer borizt til eyrna, að 2. farpegjarúm í »Thyru« væri eigi samningi samkvæmt, og hafði því þegar munnlega verið skorað á gufuskipafjelagið, að gjöra breytingar í þessu tilliti, og hefur fjelagið nú lofað að láta breyta »Thyru« þannig, áður en hún hefur næstu ferð sína til Íslands, að í henni verði gott annað farpegjarúm fyrir 44 ferðamenn. Fullkomlega viðunanlegt rúm fyrir fleiri farpegja mun eigi vera hægt að fá í þessu skipi, og þar sem samningurinn ekki tekur dýpra í árinna en svo, að farpegjarúm skulu vera fyrir *hjerumbil* 50 ferðamenn, hef jeg álitíð, að í bráðina megi una við ofan nefnda breytingu.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um 8
 ranga tekjuáætlun skattanefndar. — Jeg hef veitt því eptirtekt, að skattanefndin í 27. jan. Rosmhvalanesshreppi hefur áætlað ýmsum hreppsúum, sem eigi hafa talið fram tekjur sínar sjálfir, svo óskiljanlega lágar tekjur í tekjuskattsskrá fyrir 1889, dags. 31. desbr. 1889, er var meðal fylgiskjalanna við tekjuskattsreikninginn úr Kjósar- og Gullbringusýslu, er þjer senduð mjer með póknanlegu brjefi, dags. 15. p. m. að engri átt nær, og er nefnd skattsskrá þannig í ýmsum greinum svo bersýnilega röng, að ótöldum reikningsgöllum þeim og öðrum formgöllum, sem á henni eru, að vart er við unandi. Þannig hefur nefndin talið að verzlun H. P. Duus og verzlun W. Fischers í Keflavík, sem báðar eru vitanlega auðugar og arðsamar verzlanir, hafi aðeins haft 500 krónur í skattskyldar tekjur (af atvinnu) ár það er skráin miðar við, og verzlun P. C. Knudtzons & Söns jafnvel ekki nema 300 krónur, sem er 16—17 sinnum minni upphæð en sú, sem verzlun sömu manna í Hafnarfirði, sem sjálfsagt ekki er þeim mun arðsamari, hefur talið fram til skattgreiðslu sama ár, og þarf engan sjerstakan kunnugleika til að sjá,